

Þakka fyrir góðan fund með velferðarnefnd 15.5. sl. og langar að senda inn skýrara svar við einni spurningu nefndarinnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika).

Spurningin um hvort ég telji frumvarpið ganga nægjanlega langt varðandi refsíábyrgð starfsmanna / stofnana. Eftir á finnst mér ég ekki hafa svarað því skýrt á fundinum né í fyrri innsendri umsögn minni.

Stutta svarið er **já, ég tel að frumvarpið gangi nægjanlega langt** með því að færa refsíábyrgð frá starfsmönnum yfir á stofnun / starfsstöð og ekki megi ganga lengra í að afnema ábyrgð starfsmanna. Aftur á móti mætti bæta við að sektargreiðslur fari allar eða a.m.k. að hluta til að styðja réttindi sjúklinga s.s. umboðsmann (réttargæslu) sjúklinga eða talsmann sjúklinga.

Starfshópur heilbrigðisráðherra sem undirbjó þetta frumvarp tekur á þessu vegna kerfislægra þátta er valda geta sjúklingum skaða. Það væri þversögn ef áherslan væri á refsileysi starfsmanna (faglega og/eða ábyrgð sem starfsmenn) því saknæm atvik heyra til undantekninga og óþarfi að breyta altækum lögum til að ná yfir það sem gerist á áratuga fresti. Tel að nægjanlegt sé að stofnanir beri refsíábyrgð á kerfislægum þáttum enda mun það einfalda eftirlit landlæknis til muna þegar gæðastöðlum verður fylgt eftir og e.t.v. auðvelda starfsmönnum að upplýsa um málavexti.

Talið er að um 14% sjúklinga verði fyrir atvikum og oftast af völdum samverkandi þátta eða kerfislægrar villu sem réttilega er hér verið að leiðrétta með því að setja þá ábyrgð á stofnanir en ekki starfsmenn.

Starfsstéttir í heilbrigðisþjónustu ættu ekki að njóta sérstakrar verndar umfram aðrar starfsgreinar landsins. Ótti við ákæru er skiljanlegur ef reynt er að rekja atvik til einstaks starfsmanns og hefur fólk þá í huga ákæru á hendur hjúkrunarfræðingi árið 2015 sem var svo sýknuð vegna kerfislægrar villu en atvikið alvarlegt engu að síður. Þessi ótti magnast auðveldlega þegar um þetta er rætt milli heilbrigðisstarfsmanna enda ríkjandi viðhorf að mér sýnist. Ég tel útilokað að setja lög á ótta starfsmanna, hann þarf að leysa með öðrum hætti. Líklegast skortir samtal starfsmanna og sjúklinga eins og ég útskýrið vel á fundinum. Með því að starfsmenn sjái og ræði við sjúklinga sem fyrir þessu hafa orðið skapast skilningur á því að ákæra er ekki efst í huga fólks. Heldur verða viðbrögðin við alvarlegum atvikum að vera afgerandi þannig að upplýsingar til sjúklinga / aðstandenda séu þannig að enginn vafi leiki á því að allt sé gert til að forða öðrum frá sömu mistökum. Þjáningin gerir það að verkum að fólk hættir ekki að berjast fyrr en það sér það svart á hvítu. Ég mundi ætla að starfsmenn mundu líka vilja sá betri

18. maí 2023

Mál 986

Velferðarnefnd Alþingis

viðbrögð þegar mistök verða, þeir vilja örugglega sjá að allt sé gert til að bæta fyrir það og að sjúklingum / aðstandendur fái þá hjálp sem þarf. Þannig verður réttlætið til sem óskað er eftir og sátt fyrir alla. Þannig skapast öruggt umhverfi sem gott er að vinna í. Það væri vegleg launahækkun í mínum augum sem hjúkrunarfræðingur og ég öruggari sem sjúklingur. Starfsumhverfi líkist þá meira norðurlöndunum.

Kveðja

Auðbjörg Reynisdóttir

kt. 2101612289

contact@audbjorg.com